

Jónsmessunefnd

Teams

10. september 2025

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Marta Guðrún Skúladóttir.

Auk þess sátu fundinn Tryggvi Þórhallsson frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna 1. liðar og Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu vegna 2. liðar.

1. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Jóhanna Sigurjónsdóttir frá innviðaráðuneytinu ræddi aðgerð 17 í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu og samfellda þjónusta og samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga sem nefnd eru í samkomulagi um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga 2021-2025 og snúa að fækkun grárar svæða í þjónustu hins opinbera. Tryggvi Þórhallsson frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu ræddi samráðsnefnd um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu sem heyrir undir Jónsmessunefnd en hefur ekki verið starfandi sl. ár. Umræða um framtíðarhlutverk nefndarinnar og áframhaldandi vinnu við að eyða gráum svæðum í þjónustu stjórnsýslustiganna tveggja.

Samþykkt að nefndin verði lögð niður en unnið verði að framfylgd aðgerðar 17 á grundvelli stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þegar hefur verið sett inn í starfsáætlun Jónsmessunefndar að ræða samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

2. Endurskoðun sveitarstjórnarlaga

Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu kynnti fyrirhugaðar breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 en frumvarp verður kynnt í samráðsgátt í september áður en það verður lagt fram á Alþingi í október.